

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1116

Dagsetning: 9. júní 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Anna Sigríður Vernharðsdóttir (ASV), Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Ketill Berg Magnússon (KBM), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 4. júní 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Verkefni framkvæmdastjórnar

Umræður um helstu verkefni framkvæmdastjórnar.

3. Myndræn framsetning

Stutt kynning vinnu við endurskoðun myndrænnar framsetningar HH. Valinn hefur verið samstarfsaðili sem hefur mikla reynslu af sambærilegum verkefnum. Verkefnið verður sett af stað strax með rýnivinnu og klárað í haust.

4. Sjúkraskrár

Rætt var um sjúkraskrárgeymslur og skjalavörslu. Einnig var fjallað um miðlæga afhendingu á sjúkraskrár sem gæti orðið verkefni Söguteymis. Ljóst er að stækka þyrfti teymið til að það geti tekið við þessu verkefni, sem í dag er á hendi hvernar starfsstöðvar.

5. Heyrnar- og talmeinastöð

Upplýst var að heilbrigðisráðuneytið er tilbúið að fjármagna fjölgun talmeinafræðinga hjá Heyrnar- og talmeinastöð HH og taka upp skimun í grunnskólum. Auglýsa þarf eftir starfsfólki, ræða húsnæðismál og fleira tengt þessari viðbót.

6. Húsnæðismál

Fjallað var um hugmyndir að sameina miðlæga þjónustu ásamt skrifstofu í nýjar höfuðstöðvar. Fundað verður með heilbrigðisráðuneytinu um málið í vikunni.

7. Mannauðsmál

Umræður um ýmis starfsmannamál.

Aðgerðir og verkefni

- Koma þarf verkefni tengt myndrænni framsetningu af stað, sjá lið 3.
Ábyrgð: BJ
- Halda þarf áfram undirbúningi fyrir miðlæga afhendingu á sjúkraskrá, sjá lið 4.
Ábyrgð: NSK, KBM
- Ráða þarf talmeinafræðinga tengt skimun í grunnskólum og huga að aðstöðu, sjá lið 5.
Ábyrgð: KBM, HP
- Funda þarf með heilbrigðisráðuneytinu um húsnæðismál, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM, HP

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:00